



80 ára

—
MOLDUN

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.
Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson

—
EFTIRSPIL

Ég er kominn heim
Kálmán

Prestur: sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Guðlaug Hestnes
Kór: Stakir Jakar
Umsjón: Örn Arnarson og Albert Eymundsson

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug
og vináttu og býður kirkjugestum
að þiggja veitingar í Ekru að athöfn lokinni.*

Svarðís Hella



Sigtryggur Benedikts



*Fæddur 17. júlí 1937
Dáinn 26. janúar 2023*

*Útför frá Hafnarkirkju,
laugardaginn 18. febrúar 2023*

FORSPIL

Þannig týnist tíminn

Bjartmar Guðlaugsson

SIGNING OG BÆN

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhross þú hljóta skalt.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
gláðir vér megum
þér síðar fylgja' í friðarskaut.

Sb. 1886 - Valdimar Briem

RITNINGARLESTUR

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom - Sb. 1871 - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt

Matthías Jochumsson - P. C. Krossing



GUÐSPJALL

Ég veit að fjöllin mín fagna er fuglar landi ná,
að vori er vindarnir þagna og vekja hér einlæga þrá.
Ég horfi á himneskan fjörðinn og hjartað mitt skynjar á ný
að sólin gælir við svörðinn í sælu svo brosmild og hlý.

Á sandinum tíbráin titrar, þá töfra vil ég sjá,
og grjótið í fjörunni glitrar er geislarnir fara á stjá.
Ég horfi á himneskan fjörðinn og hjartað mitt skynjar á ný
að sólin gælir við svörðinn í sælu svo brosmild og hlý.

Og nóttin hún lifir svo lengi þá ljóma fjöllin blá,
því vorblærinn strýkur þá strengi sem stórkostleg veröldin á.
Hjá hafinu himnesk er jörðin og hjartað mitt skynjar á ný
að söngfuglar svífa um fjörðinn og sólin er brosmild og hlý.

Ásgeir Gunnarsson / Kristján Hreinsson

MINNINGARORÐ

Hafið bláa hafið hugann dregur,
hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur,
bíða mín þar æskudrauma lönd.
Beggja skauta byr
bauðst mér aldrei fyrr,
bruna þú nú bátur minn.
Svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum,
fyrir stafni er haf og himinninn.

Friðrik Bjarnason / Örn Arnarson [Magnús Stefánsson]



BÆN

Lít ég yfir liðinn tíma
ljúft mér brosti sérhvert vor,
fjær þá vetrar færðist gríma
fann ég yngjast hug og þor
Hjartans þakkir Hilmir hæða
hverja fyrir náðargjöf.
Hvert eitt sár er hætt að blæða
heims er veittist mér á för.

Æskuvorið er nú liðið
elli húmar hinsta kvöld.
Lít ég yfir lífsins sviðið
leiðarinnar nálgast gjöld.
Ó að hinsta hljóti ég blundinn
hægt og létt á vorsins tíð.
Þegar lognró sefar sundin
signir eygló geislafríð.

Verði sólrík ykkar ævi
æsku meðan þroskast rós.
Allan myrkva sorga svæfi
sælu Guðsins náðarljós.
Hvar sem fætur flytja náíð
feril dulda lífsins á.
Bið ég drottins fylgd þið fáíð
fyllt er ósk míns hjarta þá.

Lag: Bjarni Halldór Helgason

Ljód: Guðmundur Viborg Jónatansson

FAÐIR VOR

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Jesús er mér í minni,
mig á hans vald ég gef,
hvort ég er úti' eða inni,
eins þá ég vaki' og sef.
Hann er mín hjálp og hreysti,
hann er mitt rétta líf,
honum af hjarta' eg treysti,
hann mýkir dauðans kíf.